



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLAND Í ÖNDVEGI Á BCNEGRA BÓKMENNTAHÁTÍÐINI Í BARSELÓNA

Eliza Reid forsetafrú heldur til Barselóna á Spáni í dag, mánudaginn 3. febrúar, í boði aðstandenda bókmenntahátíðarinnar BCNegra sem þar er nú haldin í fimmtánda sinn. Hátíðin er helguð sakamálasögum og kvikmyndum og hana sækja tæplega eitt hundrað rithöfundar hvaðanæva úr veröldinni.

Síðdegis þriðjudaginn 4. febrúar munu forsetafrú og Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur ræða saman í sérstökum dagskrárlið sem helgaður er verkum Yrsu, stuðningi við íslenskar bókmenntir og velgengni íslenskra rithöfunda á alþjóðlegum markaði. Þá mun Mýrin, kvikmynd Baltasars Kormáks eftir samnefndri skáldsögu Arnaldar Indriðasonar, einnig verða sýnd á hátíðinni.

Meðan á dvöl forsetafrúar í Barselóna stendur mun hún eiga fundi með Joan Subirats, menningarmálastjóra borgarinnar, og Carlos Zanón, framkvæmdastjóra BCNegra hátíðarinnar. Hún mun einnig ræða við fjölmiðla. Þá mun hún snæða hádegisverð í boði Astridar Helgadóttur, ræðismanns Íslands í Barselóna, og hitta Íslendinga sem þar eru búsettir.

3. febrúar 2020

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).